



50% starf kennara í hönnun og smíðum **50% starf kennara í textílmennt**

Óskað er eftir að ráða skapandi, skipulagðan og sveigjanlegan kennara sem finnst gaman að vinna með börnum og unglingum. Smíða- og textílmenntakennarar vinna í teymi með öðrum kennurum ásamt stuðningsfulltrúum og stoðteymi.

Þelamerkurskóli er grunnskóli í Hörgársveit og verða um 120 nemendur í skólanum nk. haust. Í Þelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla fyrir alla og þannig lögð rík áhersla á að búa öllum nemendum aðstæður til náms við hæfi hvers og eins, nokkuð sem krefst samvinnu, sveigjanleika og lausnamiðaðrar hugsunar hjá öllu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði Jákvaðs aga, leiðsagnarnáms og Byrjendalæsis. Skólinn er heilsueflandi skóli auk þess sem áhersla er lögð á útikennslu, nýsköpun og skapandi starf.

Helstu verkefni

- Annast almenna list- og verkgreinakennslu í 1.-6. bekk, ásamt valgreinum á mið- og unglingastigi.
- Sinna stoðtímum í list- og verkgreinum þar sem m.a. nýsköpun og tækni fær notið sín.
- Stuðla að velferð nemenda í góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn, umsjónarkennara og stoðþjónustu innan skólans sem utan.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Góð færni í faginu.
- Áhugi og þekking á nýsköpun og tækni og vilji til að taka þátt í þróunarstarfi.
- Reynsla af starfi með fjölbreyttum nemendahópi er kostur.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi er nauðsynlegt.
- Mikil færni í samvinnu og teymisvinnu.

Frumkvæði, skipulagsfærni og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 20. mars 2026. Óskað verður eftir meðmælum en krafist verður góðra meðmæla. Í öllum störfum við Þelamerkurskóla er gerð krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað samrýmist starfinu.

Ferilskrá, umsókn og greinargerð skal senda á netfang skólastjóra: annarosa@thelamork.is Upplýsingar um Þelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.thelamork.is> Frekari upplýsingar veitir Anna Rósa Friðriksdóttir, skólastjóri, annarosa@thelamork.is og í síma 460-1770.